# Áhöld slökkviliðs og bréf slökkviliðsstjóra 1873-1878

Aðfnr. 1495, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

1/

[illegible] leyfi eg mjer virðingarfyllst að endursenda yður, herra Bæjarfógeti, umkvörtunarbrjef það frá Egli Egilsson í Glasgow hjer í bæ, er þjer með háttvirtu brjefi dags 4 þ. m. senduð mjer til umsagnar, og leyfi eg mjer jafnframt virðingarfyllst að gefa um það eptirfylgjandi skýrslu:

Hvað fyrst og fremst viðvíkur umkvörtun yfir því, að sprauturnar sjeu allar ónýtar í hvert sinn, ~~sem þær~~ sem þær hafi verið reyndar, en þær aldrei endurbættar, þá er þetta ekki rjett hermt. Komið hefir það reyndar fyrir, að sprauturnar hafi bilað við æfingar, en þá hefir jafnskjótt verið gjört við þær, eins og reikningar þeir munu sýna, er komið hafa til bæjarsjóðs fyrir slíkar aðgjörðir, bæði frá Jónasi Kleinsmið og Bergi söðlasmið.

Um brunaskjólur þær, er sprautunum fylgja, er það að segja, að þær eru geymdar á sama stað og sprauturnar, og eru þá aldrei brúkaðar nema við æfingar slökkviliðsins sjálfs.

Vatnsker þau, sem sprautunum tilheyra, eru öll, að undanteknu einu, geymd í sama húsi og sprauturnar; en það eina, sem vegna húsleysis hefir staðið undir beru lopti, er í góðu standi og öldungis þjett, eins og þau hin, sem inni í húsi hafa staðið.

Brunastigar og brunakrókar þeir, sem fylgja eigi húsum, eru víðast hvar til, og að minnsta kosti var það brýnt fyrir hlutaðeigendum við seinustu skoðun í október f. á., að útvega og hafa til þessi áhöld, sem þeir einnig undirgengust.

Hvað reykhatta snertir, þá veit eg ekki til að þeir

No 275-78.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjeu neistadar eingöngu úr trje, heldur munu þeir vera annaðhvort múraðir að innan eða fóðraðir með plötu-járni eins og húsráðendum hefir verið boðið að gjöra.

Smiðjuhúsin voru í seinastliðnum oktober skoðuð, undireins og litið var eptir ofnum og eldstæðum í öðrum húsum bæjarins, og fannst þá ekkert við þau að athuga.

Púður hefir kaupmönnum verið bannað að hafa í sölubúðum sínum frekara en lög leyfa, og einnig hefir þeim verið bannað að hafa meira af steinolíu í einum stað, en leyfilegt er, en hvort þessu í öllum tilfellum hefir verið hlýðni sýnd, get jeg ekki staðhæft; en að svo miklu leyti mjer er kunnugt hefir ekkert brot átt sjer stað í þessu tilliti.

Um bókhald er það að segja, að innfært hefir verið í þar til gjörðar bækur, um skoðanir í öllum húsum, hvernig ástatt sje með reykháfa og ofna m.m.

Um það að flokkar brunaliðsins sjeu vanbúnir og fyrirliðar fáir, þá er eðlilegt að menn gangi úr, er ýmist flytja burt eða deyja, m.m., en í þeirra stað eru venjulega skipaðir menn á haustin þegar allir eru komnir heim úr kaupavinnu og annari sumarvinnu, og það áður en hinar venjulegu æfingar eiga sjer stað, sem hafa hin síðustu ár verið haldnar fullkomlega svo margar sem fyrirskipað er.

Hvað brunaliðsstjóri og hans næstbjóðanda snertir, þá virðist það vera ofullvíst að banna þeim allt ferðalag frá heimilum sínum um hvern tíma árs sem er, enda er varamaður skipaður, sem alltaf á að gegna í fjarveru eða forföllum næst-umbjóðanda, hvenær sem á þarf að halda.

Reykjavík 13. september 1878

G. Zoëga

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í eptirfylgandi Hús og Bæi vanta hinar lagskipuðu brunaskjólur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | í Efraholti — — — - - | 1 | skjóla |
| 2 | hjá Ludvik Alexiusarsyni — — | 1 | d° |
| 3 | " Pjetri Bjering — — - | 1 | d° |
| 4 | í Bæ Sigurðar Jónssonar — — | 1 | d° |
| 5 | " d° Guðmundar Sigurðssonar - - | 1 | d° |
| 6 | hjá Jens Ólafssyni — — | 1 | d° |
| 7 | " Þorsteini Guðmundssyni — | 1 | d° |
| 8 | " Frú Þórdísi Thorsteinsen — | 1 | d° |
| 9 | " Madömu Setselju í Stuðlakoti — | 1 | d° |
| 10 | " Frú Sivertsen — — — | 2 | d° |
| 11 | í Bæ Magnúsar Pálssonar — - | 1 | d° |
| 12 | " d° Sigurðar Hanssonar - - | 1 | d° |
| | | 13 | |

Reykjavík 26 Október 1878

Sigfús Eymundsson

Til

Bæjarfógetans

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það er sannarlega undarlegt, að þjer, herra bæarfógeti! ekki enn hafið grenzlast eptir ásigkomulagi brunamála bæarins, sem svo eru vanrækt, að fullkomlega má efast um, að nokkur skaðabót fengist, þótt brynni hjer hús, þegar lögum þeim sem sett eru til tryggingar fyrir eldsvoða er í engu hlýtt, ekki einu-sinni að nafninu til. Eg sem er skikkaður bjargliðsstjóri, fyrir-verð mig í þeirri stöðu, og verð því hjermeð að biðja Yður veita mjer lausn í náð, frá starfa þeim. — Sprautur bæarins eru allar ónýtar í hvert skipti sem þær hafa verið reyndar, enn þær eru aldrei endurbættar, brunastjólur eru brúkaðar al-mennt til daglegra afnota, vatnskjer þau sem sprautonum

Eg

N-275-78.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilheyra, gapa gisin móti sól í allt sumar fyrir sunnan kyrlsjer,
brunastigar og brunakrókar hartnær hvergi til, þar sem lög bjóða
að það skuli fylgja húsum, reykháfar víða úr trje, smíðahús
aldrei skoðuð, púður og steinolia hvergi aðgætt og viti engin bók
haldin yfir hið minsta, allir flokkar brunaliðsins meir og
minna vantaldir, fyrirliðar fáir og engir sumstaðar, bruna-
stjóri og hans næstbjóðandi hvergi nálægir í lánga tíma,
og í stuttu máli flest á trjefótum sem því viðkjemur og
sumt fótalaust, aldrei vart við neina stjórn eða framkvæmd
í þá átt nema að verða til brunabóta fyrir ærna borgun og
krefja peninga. Það er því full ástæða til að neita að borga
brunabótagjald, nema því að eins, að vissa fáist fyrir, að
brunabótafjelögin borgi mögulegan skaða, af eldsvoða, hvort
sem lögunum þessum sje hlýtt eður ekki, því að öðrum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kosti má álíta þá peninga, sem maður þannig er látinn
borga árlega, sem kastaða í sjóinn.–

Reykjavík 26ta August 1878.

Egilsson

Til

Bæarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vantar

1 fætur undir Vatnskörunum og filterer apparat í gang.

2 Verkfæri (Lúdra) til að hefja brunakall með. Samkv. Reglugjörð um Slökkvilið Reykjavíkur 11. gr

3 Merki á Húsa brunaboða,

4 að breita 4 gr. Reglug. um Slökkvilið Reykja- Skrá yfir þá er skulu vera við Slökkviliðs- þjónustu skal breita 30 Maí ár hvert

5 ný gr. bætist inní sömu Reglugjörð um að gjöra öllum, Húsráðendum og lausamönnum í Reykjav umdæmi, að skildu, að tilkynna bæjarfógeta eða slökkviliðsstjóra 14 Maí ár hvert, nafn heimili og aldur, hvers sem er skyldur eptir sömu Reglug. 1. gr. að þjóna við Slökkvilið Reykjav (frá 18 til 50 ára gamlir) og í þeirra húsum býr til næsta 14 Maí.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Reglug. af~~ Lög af 15 Októb. 1875

42,50
191,28
233,78

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um leid og jeg hjer med tilkinni hinni heidrudu

Brunamálanefnd Reykjavikur kaupstadar, at

jeg i öngan máta vil óhlidnast lögum hennar

med því þar sem jeg hefi hladid nokkru af (mó)

Eldivid mínum úti vid inni i Gardinum hjá

mjer, sökum þess ad jeg ekki gat komid honum

fyrir inni i húsrúmi því sem jeg hef.

fyrri en nokkud seinna ad jeg hefi brent af því

sem þar er inni

Leyfi eg mjer hjer med ad bidja hina sömu nefnd

ad veita mjer leyfi til ad meiga láta þennan

Eldividarhlada standa þar sem hann nú er

þar til jeg fæ pláss fyrir hann inni i húsi

sem verdur innan skams tíma.

Reykjavík 15. Septembr 1877.

virdingarfyllst

B. E. Hjaltested.

Til

hinnar heidrudu Brunamálanefndar Reykjavíkur kaupstadar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg sem var skipaður slökkviliðsstjóri 2. oktobr 1873 og beiddist lausnar frá starfa þessum 20. júní 1876, en árangurslaust, er nú búinn að standa í þessari stöðu hátt á 5. ár, og leyfi mjer því hjermeð að beiðast þess, að þjer herra bæjarfógeti vilduð koma því til leiðar að jeg nú fái lausn frá nefndum starfa svo fljótt sem verða má.

Reykjavík 13. September 1878

G. Zoëga

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer að biðja
hina heiðruðu brunamála-nefnd,
að álíta, hvort mókladi minn
geti ekki staðið á þeim stað, sem
hann nú er, með því að búa um
hann á þann hátt, er ~~henni~~ nefndinni mundi
nægja.

Reykjavík 10/9-77

Guðm. Þórðarson.

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur